



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Reykjavík, 13. desember 2021  
VEL2021110091

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

***Tillaga samráðshóps um forvarnir um styrkveitingar úr Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar***

Á fundi velferðarráðs þann 8. desember 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga samráðshóps um forvarnir í Reykjavík um styrkveitingar úr Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar 2021:

Hugrún geðfræðslufélag. Hugrún – geðfræðslufélag. 350.000 kr.

Samþykkt.

Ofbeldisvarnaskólinn ehf. Yfir strikið – vefsíða um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi. 200.000 kr.

Samþykkt.

Ofbeldisvarnaskólinn ehf. Ofsi – spil. 130.000 kr.

Samþykkt.

Jafnréttisskóli Reykjavíkur. Leiðbeiningar um viðbrögð við óæskilegri kynferðislegri hegðun. 650.000 kr.

Samþykkt.

Saman hópurinn – félag um forvarnir. Allir saman á menningarnótt. 500.000 kr.

Samþykkt.

Tónlistarfélag Árbæjar. Hjómsveitarþjálfun 14-18 ára. 250.000 kr.

Samþykkt.

Miriam Petra Ómarsdóttir Awad. Litla handbókin um rasisma og menningarfordóma. 500.000 kr.

Samþykkt.

Ástráður, kynfræðslufélag læknanema. Ástráður kynfræðslufélag læknanema. 350.000 kr.

Samþykkt.

Einhverfusamtökin. Fræðsla um þarfir í þjónustu við einhverfa og fjölskyldur þeirra. 200.000 kr.

Samþykkt.

Þyrí Ásta Hafsteinsdóttir. Háttatími. 350.000 kr.

Samþykkt.

Hjólakraftur slf. Kaldir krakkar. 500.000 kr.

Samþykkt.

Heimili og skóli. SAFT fræðsla fyrir 6. bekki í Reykjavík. 500.000 kr.

Samþykkt.

Heimili og skóli. Hlustum -landsátak um betra samfélag fyrir börn. 250.000 kr.

Samþykkt.

Breki Bjarnason. Styrkur og vellíðan. 400.000 kr.

Samþykkt.

Sema Erla Serdaroglu. Ungt fólk og ofbeldisfull öfgahyggi. 250.000 kr.

Samþykkt.

Sigríður Gísladóttir. Okkar heimur. 500.000 kr.

Samþykkt.

Fríða Rún Þórðardóttir. Sterkari út í lífið. 120.000 kr.

Samþykkt.

Elísa Guðrún Brynjólfsdóttir. Átraskanir: Fræðsla og forvarnir - að vera sáttur í eigin skinni. 500.000 kr.

Samþykkt.

FUNI – félag um forvarnir. USSNUSS – átak gegn nikótínþúðum. 250.000 kr.

Samþykkt.

Trans vinir. Fræðslu- og forvarnaverkefni um kynvitund og kyntjáningu barna. 500.000 kr.

Samþykkt.

Iðunn Svala Árnadóttir. Mæðrasamfélagið. 380.000 kr.

Samþykkt.

Tillögurnar eru hér með sendar borgarráði til kynningar, ásamt samþykkt velferðarráðs.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, reading "Regína Ásvaldsdóttir". The signature is written in a cursive style with a large initial 'R'.

Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillögur samráðshóps um forvarnir um styrkveitingar úr Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar 2021.

## **Tillögur Samráðshóp um forvarnir um styrkveitingar Forvarnasjóðs Reykjavíkur 2021**

Alls bárust 44 umsóknir um styrki til verkefna þvert á hverfi. Forvarnasjóðurinn hefur til ráðstöfunar 7.250.000,- kr. vegna verkefna þvert á hverfi, að auki fengu verkefni þvert á hverfi 380.710 kr. sem urðu afgangi í potti íbúaráða, samtals var því til ráðstöfunar 7.630.710 kr. Heildarupphæð þeirra verkefna sem sótt var um styrki þvert á hverfi eru 83.944.700 kr. Gerð er tillaga um styrkveitingar til 21 verkefna.

Í Samráðshópi um forvarnir sitja fulltrúar frá sviðum borgarinnar. Frá velferðasviði situr framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness sem leiðir hópnum, deildarstjóri almennrar ráðgjafar á skrifstofu velferðasviðs og verkefnastjóri frá þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness sem er starfsmaður hópsins. Frá skóla- og frístundasviði, kemur verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu og skólastjóri Hólabrekkuskóla. Fulltrúi íþróttá- og tómsundasviðs er deildarstjóri Hins Hússins. Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs er skólastjóri vinnuskólans.

Samráðshópurinn mat umsóknir og vann tillögur að úthlutun með hliðsjón af reglum þar að lútandi og gildandi Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar 2014 – 2019 með þeim áherslum sem þar eru settar fram. Helstu áherslupættir í Forvarnastefnunni eru: samfélag án ofbeldis, virkni og þátttaka, æska án vímuefna, sjálfsvirðing og virðing fyrir öðrum.

### **Verkefni: *Bjargráður, félag læknanema um endurlífgun og skyndihjálp* (nr. 1)**

**Umsækjandi:** Bjargráður, félagasamtök

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Viktor Ásbjörnsson

**Samstarfsaðili:**

**Markmið:** Að undirbúa ungmenni í samfélaginu að bregðast rétt við í neyðartilvikum þar sem mannlíf kann að vera í húfi. Auk þess að stuðla að aukinni samkennd og samstöðu í samfélaginu.

**Almennt um verkefnið:** Félag læknanema sem kenna skyndihjálpi í framhaldsskólum í sjálfbærni og skólunum að kostnaðarlausu. Boðið verður upp á rafræna kennslu fyrir þá sem þess óska.

**Sótt er um:** 400.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, fellur ekki beint að Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, skyndihjálpi er kennd í framhaldsskólum.

### **Verkefni: *Awake in Iceland* (nr. 2)**

**Umsækjandi:** Island Panorama, félag

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Island Panorama, félag

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Að hjálpa ungt fólk af erlendum upprunnar sem eru félagslega einangraðir að komast aftur í skóla, vinnu eða vímuefnaferð eftir ítarlega könnun.

**Almennt um verkefnið:** Að gera ítarlega heilda könnun um land allt til að kanna velferð og líðan unga flóttafólk á Íslandi og þeim af erlendum uppruna. Rannsóknar- og þróunarverkefni sem er til þess að kanna andlegu og sálfræðilegu líðan hjá þessari hópur í samfélaginu. Íslenskt samfélag hefur breyst á tiltölulega fáum árum úr því að verasamfélag þar sem íbúarnir tala sama tungumál, og flestir eru sömu trúar, í það að verða samfélag fólks þar sem íbúarnir hafa ekki lengur sama móðurmál og eru með ólíkan menningar og trúarbakgrunn. Það skiptir miklu máli að vel sé að verki staðið til að komið sé í veg fyrir einangrun og vanlíðan hjá ákveðnu fólki. Staða flóttafólks á Íslandi í dag er metin og viðhorf þeirra til þeirrar þjónustu sem þau fá hér á landi könnuð. Í þeim tilgangi að hægt sé að átta sig á mögulegum þörfum flóttafólksins. Einnig viljum fara fram með rýnihóparannsókn meðal flóttafólks á Íslandi til að ræða reynslu þess og skoðanir á þeirri þjónustu sem það hafði fengið frá komu til landsins. Hversu vel upplýst er hópurinn um Covid og hvort það sé eitthvað sérstakt í gangi til að skoða hvaða áhrif það kann að hafa líka félagslega. Verkefnið Unge2 í Danmörku bendir á mikilvægi grasrótahreyfinga í aðlögun og aðstoð við flóttafólk og þeirra velferð og vellíðan í Danmörku. Hún tekur dæmi um samtökin Venligboerne, Venligboerne eru ótrúleg samtök eða hreyfing, sem byrjaði á Facebook og hefur undið svakalega upp á sig.

**Sótt er um:** 800.000,-kr.

**Tillaga að upphæð:** 0,- kr.

**Umsögn:** Synjað, þetta er rannsókn og á því ekki heima í þessum sjóði.

**Verkefni: Sjálfsbetrun** (nr. 3)

**Umsækjandi:** Andri Snær Ágústsson

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Andri Snær Ágústsson

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Markmið sjálfsbetrunar er að auka meðvitund og þekkingu fólks á öllum þeim mismunandi leiðum og þjónustu sem þau geta notast við til þess að öðlast betri heilsu og vellíðan.

**Almennt um verkefnið:** Sjálfsbetrun er hugsað sem einn staður fyrir allt tengt heilsu og vellíðan, inn á síðunni okkar verður að finna fróðleik, fagaðila og hlaðvörp allt tengt heilsu og vellíðan. Sjálfsbetrun er heimasíða og einnig höldum við úti hlaðvarpinu sjálfsbetrun í sama tilgangi að auka þekkingu og aðgengi fólks að bættri heilsu og vellíðan.

**Sótt er um:** 1.500.000,- kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, beinist ekki að börnum.

**Verkefni: Ímyndaðu þér bara! Sáttmáli Jarðar** (nr.4)

**Umsækjandi:** Anna Lára Steindal

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Anna Lára Steindal

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Að hvetja fólk til umhugsunar um grundvallarhugmyndir sem viðhalda aðstæðum sem þjóna hvorki manneskjum né lífinu almennt.

**Almennt um verkefnið:** Verkefnið felst í útgáfu á Sáttmála Jarðar, með inngagni um tíu hugmyndir sem standa í vegi fyrir sjálfbærni og hvernig við getum hagað lífi okkar og verið öðruvísi. sótt er um styrk til útgáfu handrits.

**Sótt er um:** 500.000kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, beinist ekki að börnum.

**Verkefni: *Hugrún - geðfræðslufélag*** (nr. 5)

**Umsækjandi:** Hugrún - geðfræðslufélag

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Ína Kathinka G. Steinþórsdóttir

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Markmið félagsins er að fræða ungmenni um geðheilbrigði, geðraskanir og úrræði í von um að ef eitthvað bjátar á þá þekki þau einkenni og viti hvert þau geta leitað eftir hjálp.

**Almennt um verkefnið:** Hugrún Geðfræðslufélag sinnir jafningjafræðslu um geðheilsu og geðraskanir fyrir ungmenni. Félagið heldur einnig úti vefsíðunni [gedfraedsla.is](http://gedfraedsla.is) og instagram síðunni @gedfraedsla.

**Sótt er um:** 712.500 kr.

**Tillaga að upphæð:** 350.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bætir lýðheilsu.

**Verkefni: *Eldvarnaátak 2021*** (nr. 6)

**Umsækjandi:** Landssamband slökkvilið/sjúkraflutningamanna

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Guðrún Hilmarsdóttir

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Að fræða öll 8 ára börn um eldvarnir og öryggi heimilisins og kynna þeim neyðarnúmerið 112.

**Almennt um verkefnið:** Að fræða alla 3.bekkar nemendur í grunnskóla og fjölskyldur þeirra um eldvarnir og öryggi heimilisins og kynna þeim neyðarnúmerið 112. Börnin sjá teiknimynd sem sýnir dagleg störf slökkviliðs- og sjúkrafl. Þau fá afhenda bók sem foreldrar lesa með þeim og svara þau getraun með foreldrum.

**Sótt er um:** 300.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, SFS hefur verið að styrkja þessa fræðslu inn í skólanna

**Verkefni: *Frú Ragnheiður*** (nr. 7)

**Umsækjandi:** Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Marín Þórsdóttir

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Að fyrirbyggja skaða og áhættu fremur en að fyrirbyggja sjálfa notkunina. Halda fólki á lífi og koma í veg fyrir óafturkræfan skaða. Auka lífsgæði og bæta heilsu fólks.

**Almennt um verkefnið:** Frú Ragnheiður er sjálfboðaliðaverkefni Rauða krossins þar sem veitt er heilbrigðis- og nálaskiptaþjónusta. Þjónustan er í boði á höfuðborgarsvæðinu 6 kvöld vikunnar. Markhópur verkefnisins eru einstaklingar sem eru heimilislausir og/eða nota vímuefni um æð. Nálaskiptaþjónustan felur í sér mikilvæga forvörn þar sem hún dregur úr líkum á sýkingum og útbreiðslu sjúkdóma á milli einstaklinga sem nota vímuefni í æð, auk þess að draga úr förgun sprautubúnaðar í almenningrýmum. Eitt af markmiðum verkefnisins er að draga úr notuðum búnaði í almenningrýmum og á götum borgarinnar.

**Sótt er um:** 500.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, beinist ekki að börnum. Á ekki heima í þessum sjóði, auk þess er sérstakur samningur sem Rvk er aðili að varðandi þetta verkefni.

**Verkefni: *Rjúfum einangrun með D&D*** (nr. 8)

**Umsækjandi:** Rafn Haraldur Rafnsson

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Rafn Haraldur Rafnsson

**Samstarfsaðili:** Batamiðstöðin Kleppi

**Markmið:** Markmið verkefnisins er að ná til hluta ungmenna með geðraskarnir sem að hafa einangrað sig. Margt stendur þessum hópi til boða í samfélaginu en við teljum að það sé hópur sem að erfitt er að ná til með hefðbundinni virkni. Því viljum við bjóða þessum hópi upp á að spila hlutverkaspil með það að markmiði að tengjast út í samfélagið að lokum.

**Almennt um verkefnið:** Verkefnið snýr um að rjúfa einangrun ungs fólks með geðraskarnir með því að stofna hóp sem spilar hlutverkaspilið Dungeons & dragons. Óskað er eftir styrk til að koma verkefninu af stað.

**Sótt er um:** 100.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, beinist ekki að börnum né unglíngum

**Verkefni: *Yfir Strikið - vefsíða um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi*** (nr. 9)

**Umsækjandi:** Ofbeldisforvarnaskólinn ehf.

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Benedikta Sörensen Valtýsdóttir

**Samstarfsaðilar:** Enginn

**Markmið:** Markmiðið er að unglíngar læri að þekkja óheilbrigð samskipti og ofbeldi, öðlist aukið sjálfstraust til að bregðast við og viti hvar þau geta leitað hjálpar. Auk þess að styðja þau í að eiga í samræðum sín í milli og efla þá jafningjafræðslu sem á sér stað í gagnrýnu samtali milli unglínganna sjálfra.

**Almennt um verkefnið:** Yfir strikið er gagnvirk vefsíða, fyrir um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi fyrir 13 - 19 ára. Á síðunni verður að finna örsögur af samskiptum þar sem farið er yfir strikið og mörk ekki virt. Sögurnar eru ætlaðar til að opna umræðu meðal jafningja og virkja gagnrýna hugsun um óheilbrigð samskipti.

**Sótt er um:** 700.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 200.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglínga og bætir lýðheilsu.

**Verkefni: *Forvarnir - það er von*** (nr. 10)

**Umsækjandi:** Hlynur Kristinn Rúnarsson

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Hlynur Kristinn Rúnarsson

**Samstarfsaðili:** Það er von

**Markmið:** Markmið er að kynna árangursríkar aðferðir til þess að takast á við tilfinningar og hvetja krakka til þess að tjá sig við þá sem þau treysta um tilfinningar sínar. Markmiðið er að sýna fram á að neysla á vímugjöfum er ekki kúl heldur sé frekar birtingarmynd vanlíðan þegar krakkar byrja of snemma. Markmið að auka skilning á skaðsemi vímugjafa á þroskaferli heilans og af hverju það er best að bíða sem allra lengst með að prófa þau.

**Almennt um verkefnið:** Nýstárleg forvarnarkynning sem samtvinnar tilfinningar, þroskaferli heilans, orsök og afleiðing fíknihagðunar. Þróun fíknar sem sjúkdóms/röskun. Mismunandi birtingarmyndir og þróunarferli þess að ánetjast efnum. Farið í gegnum sjálfsþróun, sjálfsást, umburðarlyndi, heiðarleika og kærleika sem undirstöðu atriði til úrvinnslu erfiðara tilfinninga.

**Sótt er um:** 5.400.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, það er ekki fagfólk sem er að veita börnum og unglingum þessa þjónustu.

### **Verkefni: *Fræðsla um taugafjölbreytileika* (nr. 11)**

**Umsækjandi:** Landsamtökin Þroskahjálp

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Anna Lára Steindal

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Hugtakið taugafjölbreytileiki (neurodiversity) er notað til að ná yfir það að heilastarfsemi og skynjun er ekki eins hjá öllum. Það þýðir að upplifun fólks af umhverfi og aðstæðum er mismunandi. Yfirleitt er hugtakið notað með tilvísun til fólks á einhverfurófi, en getur átt við fjölbreyttan hóp fólks. Í raun alla sem skynja ekki eins og flestir gera. Markmið þessa verkefnis er að heimsækja skóla til að fræða og ræða um taugafjölbreytileika með það að markmiði að auka þekkingu og minnka fordóma. Sunna Dögg Ágústsdóttir, verkefnisstjóri ungmennaráðs Þroskahjálpar er sjálf einhverf og þekkir því vel af eigin raun hvernig það er að reyna að fóta sig í aðstæðum sem taka ekki mið af því hvernig heilinn í henni virkar. Hún þekkir þær hindranir sem umhverfi og hugmyndir annarra setja en með því að fræða og ræða aukast líkurnar til þess að hindrunum sé rutt úr vegi. Sunna Dögg hefur nokkra reynslu af starfi sem þessu, hún flutti m.a. áhrifaríkt erindi á Vorráðstefnu Greiningar- og ráðgjafastöðvar Ríkisins 2021.

**Almennt um verkefnið:** Við skynjum heiminn ekki öll eins. Sunna Dögg Ágústsdóttir, verkefnisstjóri ungmennaráðs Þroskahjálpar, heimsækir skóla og frístundaúrræði til að fræða og ræða um taugafjölbreytileika, s.s. einhverfu,

**Sótt er um:** 1.200.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, óljós umsókn, virðist verið að sækja um fyrir launum/rekstri

### **Verkefni: *Besta útgáfan af mér* (nr. 12)**

**Umsækjandi:** Helga Jensdóttir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Helga Jensdóttir

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Að minnka líkur á kvíða, þunglyndi og kulnun í starfi með því að hjálpa þeim að finna sinn innri styrk, sjálfstraust og styrka rödd til að standa vel með sjálfri sér og vera besta mögulega útgáfan af sér.

**Almennt um verkefnið:** Verkefnið er að styrkja og efla konur á öllum aldri með því að gefa þeim aðgang að lærdómi, hugarfarsæfingum og sjálfsdáleiðslum í gegnum netið, hálfsmánaðarlegum stuðning í gegnum rauntíma hópsímtal og aðgang að lokuðum FB hóp til frekari stuðnings.

**Sótt er um:** 1.500.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, beinist ekki að börnum og unglingum



**Verkefni: Umsókn um styrk úr Forvarnarsjóði Reykjavíkur** (nr. 13)

**Umsækjandi:** Alexía Björg Jóhannesdóttir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Alexía Björg Jóhannesdóttir

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Kynfræðsla Pörupilta miðar að því að að fræða og styrkja ungt fólk, efla og afhelga umræðu um kynlíf á fyndin og skemmtilegan hátt. Hugmyndin að verkinu er að skapa umræðu um þetta eldfima efni sem kynlíf er, leikhópurinn nær til krakkanna sem eru að stíga sín fyrstu spor á þessu sviði með húmorinn að vopni. Fær þau til að hlæja en í leiðinni að fræðast og laggt er mikil áherslu á að standa með sjálfum sér og fylgja eigin sannfæringu. Sýningin var unnin í samvinnu við nemendur í kynjafræði í Kvennaskóla Reykjavíkur, Landlæknisembættið og kynfræðing. Kynfræðsla Pörupilta hlaut tilnefningu til foreldraverðlauna Heimilis og skóla 2014. Nú er búið að aðlaga leikverkið að skjánum svo auðveldara sé fyrir nemendur að geta séð sýninguna og fræðst um kynlíf. Upptakan passar akkúrat inn í eina kennslustund og hafa kennarar lýst yfir ánægju með það. Verkið er sett upp þannig að kennarar fá kennsluefni eftir áhorf og geti því gripið boltann eftir á og skoðað þær spurningar um kynlíf, kynferði, staðalímyndir sem verkið veltir upp. Frá upphafi var markmið okkar með þessari sýningu að fræða og styrkja, afhelga umræðuna um kynlíf og kynhegðun en boðskapurinn er fyrst og fremst að bera virðingu fyrir sjálfum og öðrum.

**Almennt um verkefnið:** 45 mínútna upptaka af Kynfræðslu Pörupilta til sýningar í kennslustofum fyrir 9.bekk í Reykjavík

**Sótt er um:** 1.000.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, umsóknin send til SFS þar sem verkefnið hefur áður verið styrkt þaðan

**Verkefni: Leiðbeiningar um viðbrögð við óæskilegri kynferðislegri hegðun** (nr. 14)

**Umsækjandi:** Jafnréttisskóli Reykjavíkur

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir

**Samstarfsaðili:** Menntamálastofnun/Sigrún Sóley Jökulsdóttir

**Markmið:** Markmið er að veita starfsfólki og mögulega foreldrum verkfæri til að takast á við viðkvæm og flókin mál sem tengjast óæskilegri kynhegðun ungmenna. Mikið ákall er frá vettvangnum um góð verkfæri því reglulega koma upp kynferðisleg samskiptamál sem starfsfólki þykir erfitt að leysa og upplifir mikið óöryggi gegn. Með þessum leiðbeiningum verður tryggt að viðbrögð verða bæði fagleg og sambærileg á milli allara skóla og félagsmiðstöðva borgarinnar og víðar. Með því að vista efnið á síðu Menntamálastofnunar, Menntastefnu Reykjavíkur og Jafnréttisskólans nýtist verður það ávallt aðgengilegt og nýtist vel víða.

**Almennt um verkefnið:** Verkefnið snýst um að láta þýða og staðfæra afar góðar skoskar leiðbeiningar um verklag og viðbrögð við óæskilegri kynferðislegri hegðun barna og unglunga. Leiðbeiningarnar ná yfir fjölmarga þætti sem starfsfólk í skóla- og frístundastarfi stendur oft frammi fyrir en skortir verkfæri til að leysa.

**Sótt er um:** 1.000.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 650.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga. Hefur mikið forvarnagildi og ekki eru til sambærilegt verkfæri á íslensku.

### **Verkefni: Veltibíllinn heimsækir framhaldsskóla Reykjavíkur** (nr. 15)

**Umsækjandi:** Brautin bindindisfélag ökumanna

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Páll H. Halldórsson

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Markmið verkefnisins er að auka bílbeltanotkun á meðal framhaldsskólanema. Framhaldsskólar borgarinnar verða heimsóttir og nemendum gefið tækifæri á að fara veltu í Veltibílnum. Þannig minnum við á mikilvægi bílbeltanotkunar.

**Almennt um verkefnið:** Verkefnið gengur út á að heimsækja alla framhaldsskóla í Reykjavík og gefa nemendum tækifæri til þess að prófa Veltibíllinn. Þannig hvetjum við þennan aldurshóp til þess að spenna beltin.

**Sótt er um:** 840.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, umsóknin á ekki heima í þessum sjóði, unglingar fara í veltibíl í ökuskóla 3 á framhaldsskólaaldri.

### **Verkefni: Allir saman á menningarnótt** (nr. 16)

**Umsækjandi:** Saman hópurinn - félag um forvarnir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Edda Davíðsdóttir

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Skilaboð send út um að fjölskyldur komi saman í bæinn á Menningarótt og séu samferða heim svo að börn og unglingar verði ekki eftir í bænum að hátíðarhöldum loknum.

**Almennt um verkefnið:** Ábyrgir foreldrar á Menningarnótt reynum að benda foreldrum á ókosti þess og hættuna ef börn og unglingar eru eftirlitlaus í miðborginni á Menningarnótt og fram eftir nóttu.

**Sótt er um:** 600.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 500.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga, bætir lýðheilsu og eflir félagsauð. Forvarnaverkefni sem styrkt hefur verið árlega enda eina framlag Reykjavíkurborgar í Samanhópin.

### **Verkefni: Hljómsveitapjálfun 14 - 18 ára** (nr. 17)

**Umsækjandi:** Tónlistarfélag Árbæjar

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Kristján Sturla Bjarnason

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Hljómsveitum verður fylgt eftir í um 12 vikur þar sem þau fá leiðsögn í samspili, lagasmíðum og framkomu. Markmið með námskeiðinu er eftirfarandi: - Að hlúa vel að ungu tónlistarfólki og þeirra verkefnum. - Að miðla reynslu og tengja ungt fólk við tónlistargeirann. - Að vinna með styrkleika einstaklinga og hjálpa þeim að ná lengra í sínum áhugamálum. - Að efla forvarnargildi innan tónlistargeirans með því að bjóða upp á faglegt starf í styðjandi og vímuefnalausum umhverfi. - Að auka vægi óformlegs náms í tónlistariðkun barna þar sem þau geta bæði eflt tengslamyndun og sjálfstraust. - Að búa til öruggt og faglegt æfingumhverfi fyrir ungt tónlistarfólk. Hér væri verið að styðja við, halda utan um og fylgja eftir ungum böndum. Með því væri verið að fjárfesta til framtíðar og hjálpa ungu tónlistarfólki að koma verkefnum sínum á legg. Félagið hefur bæði innviði og fagþekkingu til að sinna þessu verkefni ásamt því að búa yfir miklum mannauði sem getur komið að svona verkefni. Þá er ótalið það mikla forvarnargildi sem

felst í því að búa til öruggt og skapandi umhverfi fyrir ungt fólk þar sem það fær bæði hvatningu og stuðning til að ná ennþá lengra.

**Almennt um verkefnið:** Hugmyndin er að bjóða upp á svokallaða hljómsveitabjálfun fyrir ungt tónlistarfólk og fá starfandi tónlistarfólk til að miðla reynslu, leiðbeina og gefa góð ráð. Haldið væri vel utan um böndin, þeim fylgt eftir ásamt því að vinna með þátttakendur félagslega.

**Sótt er um:** 850.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 250.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga, bætir lýðheilsu og eflir félagsauð.

**Verkefni:** *Litla handbókin um rásisma og menningarfordóma. Fyrsta upplag bókar fyrir grunnskóla, félagsmiðstöðvar og frístundaheimili í Reykjavík um kynþáttahyggju og menningarfordóma á Íslandi.* (nr. 18)

**Umsækjandi:** Miriam Petra Ómarsdóttir Awad

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Miriam Petra Ómarsdóttir Awad

**Samstarfsaðili:** Chanel Björk Sturludóttir

**Markmið:** Markmiðið er að börnum af erlendum uppruna líði vel í skólum og frístundastarfi og að þau mæti ekki fordómum af hálfu starfsfólks eða annarra nemenda. Velliðan stuðlar að betra samlífi og þátttöku í samfélaginu en rannsóknir hafa sýnt að það að verða fyrir fordómum veldur mikilli vanlíðan og getur haft djúpstæð áhrif á sjálfsmyndir einstaklinga og virkni þeirra. Hugmyndin er því að bókin gagnist ekki einungis starfsfólki sem vinnur með börnum og unglungum með fjölbreyttan bakgrunn, heldur einnig börnunum og unglungunum sjálfum. Bókin mun varpa ljósi á þær mismunandi birtingarmyndir fordóma sem fólk af erlendum uppruna upplifir á Íslandi. Bókin mun fjalla um dæmi um fordóma með það að leiðarljósi að starfsfólk í skólum, börnin sjálf og aðrir, geti verið vakandi fyrir atvikum og brugðist við á réttan hátt. Skilningur á aðstæðum getur gert starfsfólki kleift að taka eftir þeim atvikum sem upp koma og takast á við þau á uppbyggilegan hátt. Með því að setja upplýsingarnar fram á einfaldan hátt hvetur bókin þannig til samtals og hjálpar fólki að finna réttu orðin og hugtökin yfir það sem á sér stað. Markmið okkar er að í skólum og æskulýðsstarfi skapist skilningur og öruggt rými fyrir börn og unglunga af erlendum uppruna að koma upplifun sinni í orð og mæta skilning af hálfu starfsfólks. Frá því á vormánuðum 2021 höfum við haldið fræðsluerindi um kynþáttahyggju og menningarfordóma fyrir fleiri en 450 aðila sem starfa í skólum og félagsheimilum/frístundamiðstöðvum. Fræðsluerindið er í sífelldri þróun og áætlað er að halda amk 8 erindi á haustönn 2021. Þátttakendur á erindunum og aðrir sem við höfum verið í sambandi við, hafa nefnt mikla vöntun á fræðsluefni fyrir starfsfólk um fordóma á Íslandi. Það vaknaði því snemma sú hugmynd að setja þau hugtök og þær upplifanir sem við fjöllum um í fræðslunni fram á einfaldan hátt í bók sem hægt væri að hafa til taks í skólum og frístundamiðstöðvum. Bókin myndi gagnast fyrir starfsfólk sem þarf að takast á við ýmis atvik sem upp koma í daglegu starfi, þótt hún verði líka samin með nemendum í huga.

**Almennt um verkefnið:** Þróun, hönnun og prentun handbókar um birtingarmyndir kynþáttahyggju og menningarfordóma í íslensku samfélagi sem skólar og frístundaheimili geta haft til taks fyrir starfsfólk og börn. Bókin setur hugtök fram á skýran hátt svo öll hafi betri kilning á upplifun fólks af erlendum uppruna og geti brugðist við fordómum.

**Sótt er um:** 1.600.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 500.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bætir lýðheilsu.

**Verkefni: *Ástráður Kynfræðslufélag Læknanema*** (nr. 19)

**Umsækjandi:** Ástráður Kynfræðslufélag Læknanema

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Andri Már Tómasson

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Að auka þekkingu og skilning ungmenna á samskiptum, kynheilbrigði og kynlífi.

**Almennt um verkefnið:** Ástráður fer í alla framhaldsskóla landsins. Þar fá nemendur á 1. ári heildræna fræðslu um samskipti, kynheilbrigði og kynlíf.

**Sótt er um:** 350.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 350.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bætir lýðheilsu. Verkefnið hefur verið styrkt áður en þessi hópur hefur náð einstaklega vel til unglunga, fagfólk nálægt þeim í aldri.

**Verkefni: *Ofsi - spil*** (nr. 20)

**Umsækjandi:** Ofbeldisforvarnaskólinn ehf.

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Benedikta Sorensen

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Markmiðið er að auðvelda kennurum, starfsfólki félagsmiðstöðva og foreldrum að eiga samtál við unglunga um ofbeldisforvarnir. Örsögur eða klípusögur eins og þær sem birtast á spilunum eru gjarna notaðar í ofbeldisforvörnum þar sem má þá ígrunda aðstæður sem upp geta komið án þess að tengjast efninu persónulega. Markmið þeirra er að efla félagsfærni í erfiðum aðstæðum.

**Almennt um verkefnið:** ofbeldisforvarnaskólinn hefur hannað spil um ofbeldisforvarnir fyrir unglunga. Spilið er í formi spilastokks með 50 örsögum um ofbeldisfull atvik eða af óviðeigandi hegðun sem unglingarnir eru beðin um að velta fyrir sér hvernig megi leisa úr. Spilin má sjá í viðhengi. Sótt er um styrk til að prenta fyrsta upplag.

**Sótt er um:** 320.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 130.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bætir lýðheilsu.

**Verkefni: *Fræðsla um þarfir í þjónustu við einhverfra og fjölskyldur þeirra.*** (nr. 21)

**Umsækjandi:** Einhverfusamtökin

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Sigrún Birgisdóttir

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Bæta líðan einhverfra barna og fullorðinna hvað varðar andlega og félagslega heilsu og auka skilvirkni í þjónustu við þennan hóp.

**Almennt um verkefnið:** Gerð fræðsluefnis og fyrirlestrar sem farið yrði með inn til félagsþjónustu Reykjavíkurborgar (stoðþjónustu, stuðningsþjónustu og barnaverndar) um þarfir einhverfra og fjölskyldna þeirra er kemur að félagslegri þjónustu.

**Sótt er um:** 700.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 200.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bætir lýðheilsu.

**Verkefni: Umsókn um styrk úr Forvarnarsjóði Reykjavíkur** (nr. 22)

**Umsækjandi:** Björgvin Páll Gústavsson

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Björgvin Páll Gústavsson

**Samstarfsaðili:** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

**Markmið:** Markmið er auka vellíðan, hjálpa ungmennum á krossgötum að taka réttar ákvarðanir og gefa þeim sem verst eru staddir von og mögulega opnum á þung mál í lífi þeirra. Stóri tilgangurinn er að búa til sterkari einstakling með því að gefa krökkunum þau vopn sem ég hefði þurft á að halda á þeirra aldri en fyrir einhverja í hópnum er þetta forvörn á meðan fyrir aðra er þetta líflína. Áherslurnar liggja í sjálfstyrkingu, öndun (kvíði, hræðsla), svefnfræðslu og vinnueðli sem blandað er saman við mína þungu og erfiðu sögu til þess að ungmennin geti speglað sig í mögulegri fyrirmynd til þess að hjálpa þeim að dila við allt það sem að skólinn og lífið utan skólans hefur upp á að bjóða. Þegar þau verkefni sem ég hef unnið að innan skólakerfins síðustu 12 mánuði eru skoðuð þá hefur mér held ég tekist að finna hvernig mitt púsl passar sem best inn í allt það frábæra starf sem er verið að vinna með ungmennunum okkar. Síðasta árið hef ég prufukeyrt bæði Vopnabúrið (í Kópavogi) og eins Við sem lið (í Garðabæ) og er hér í viðhengi að finna ágætar upplýsingar um þau verkefni. Vopnabúrið (Ég líka) eins og verkefnið heitir sem stendur (vinnuheiti) yrði þá rúmlega klukkutíma fyrirlestur þar sem að ég mynda sameina helstu þætti Vopnabúrsins og Við sem lið og nýta einlægnina sem mitt helst vopn. Helsta ástæða þess að ég tel að minn tími sé best hámarkaður með einum fyrirlestri er vegna þess að undantekningarlaust fæ ég skilaboð eða tölvupósta frá forledrum eða nemendum úr þeim bekk sem ég ræði við. Allt frá „Mér er illt í tanni“, „Ég er kvíðinn“, „Mér langar ekki að lifa“ og allt þar á milli. Þessi skilaboð ber öll að taka mjög alvarlega en „Illt í tanni“, „takk fyrir fyrirlesturinn“... er yfirleitt til þess byrja spjallið og fyrsta skrefið hjá mörgum að leita sér aðstoðar. Af þessum ástæðum hef ég einungis viljað taka 1-3 fyrirlestra í viku vegna þess tíma sem fer í að svara öllum skilaboðum og fyrirspurnum sem myndast í kjölfarið. Vil geta gefið hverjum og einum tíma til þess að hjálpað sem mest og eins til þess að geta fundið þyngri málum rétta farveg og leiðbeint þeim sem eru í mestu vandræðum í réttar átti (á sérfræðinga, Píeta).. Fyrirlestraröðin gæti borið nafnið „Ég líka“ til þess að gefa þessum orðum meira vægi en með þessum orðum hef ég fundið fyrir vigtinni sem þeim fylgir og að ungmennin talað um að þau gefi þeim von og finna að þau séu ekki ein. Af hverju ég og afhverju núna? Ég hef verið þarna, ég hef séð það versta og hef ástríðu fyrir því að gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að hjálpa öllum þeim sem þurfa á mér að halda.

**Almennt um verkefnið:** Forvarnar- og fræðsluverkefni sem hefur það að markmiði að auka meðvitund ungmenna á vanlíðan og á sama tíma veita þeim ákveðin tól sem þau geta gripið í sem fyrstu hjálp á erfiðum tímum.

**Sótt er um:** 3.000.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, ekki nógu markvisst, ekki fagfólk.

**Verkefni: Háttatími** (nr. 23)

**Umsækjandi:** Þyri Ásta Hafsteinsdóttir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Þyri Ásta Hafsteinsdóttir

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Að foreldrar skilji mikilvægi svefn. Viti hvað geti ýtt undir svefnvanda barna þeirra og hvað getur dregið úr að barnið þrói með sér svefnvanda.

**Almennt um verkefnið:** Heimasíða og fræðsla um orsökum og afleiðingu svefnvanda barna og unglunga. Neikvæðar afleiðingar sem svefnvandinn getur haft á börnin, unglungana og fjölskylduna í heild.

**Sótt er um:** 1.000.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 350.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bætir lýðheilsu.

### **Verkefni: *Kaldir krakkar*** (nr. 24)

**Umsækjandi:** Hjólakraftur slf.

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Hjólakraftur Slf.

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Að kynna ólíkar tegundir íþróttar fyrir krökkum/unglingum í áhættuhópum. Hjólabretti, parkour, sjóstökk, fjallahjólreiðar, klettastökk, klifur, sjóböð, hellaskoðun, rafíþróttir og fleira kynnt. Sérfræðingar á hverju sviði kallaðir til og reynt að ýta undir áhuga krakkanna á þátttöku í íþróttunum.

**Almennt um verkefnið:** Kynning og þátttaka á jaðarsporti fyrir krakka í Reykjavík - og Reykjavíkurborg fær að velja þátttakendur

**Sótt er um:** 6.000.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 500.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bætir lýðheilsu.

### **Verkefni: *Öndun og hugleiðsla fyrir fólk með fötlun*** (nr. 25)

**Umsækjandi:** Sigurður Unnar Birgisson

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Sigurður Unnar Birgisson

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:**

Að þjálfar alla þátttakendur í núvitund og kynna þá fyrir öndunaræfingum jógaarfleidarinnar til að takast á við hvað sem að höndum ber þá stundina.

**Almennt um verkefnið:** Verkefnið felst í að ég leiði tíma í öndun og hugleiðslu fyrir hópa með fötlun.

**Sótt er um:** 1.000.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, beinist hvorki að börnum né foreldrum.

### **Verkefni: *Samherjar*** (nr. 26)

**Umsækjandi:** Hjólakraftur slf.

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Hjólakraftur slf.

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Hópastarf fyrir krakka sem dvelja í Kvennaathvarfinu. Förum með þau að gera alls konar krefjandi - hjóla, synda, í leiki, göngur, líkamsrækt og ýmislegt annað. Tilgangurinn er að brjóta upp tilveruna á jákvæðum nótum, fá þau til þess að tilheyra hópi á jákvæðan hátt og kynna fyrir þeim ýmsa afþreyingu. Þessi hópur er sérlega brothættur og því mikilvægt að halda

vel utan um hann. Hugmyndin er að hafa þetta í tveimur hópum, annars vegar að 8. bekk (unglingastigi) og hins vegar frá 8. bekk – eldri

**Almennt um verkefnið:** Helgarsmiðjur fyrir krakka sem dvelja í Kvennaathvarfinu

**Sótt er um:** 5.000.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, ekki raunhæft að að vinna með þennan hóp í svona starfi, því þetta er mjög ólíkur hópur og fáir krakkar hverju sinni. Eins er Kvennaathvarfið ekki í samstarfi.

### **Verkefni: SAFT fræðsla fyrir 6. bekki í Reykjavík** (nr. 27)

**Umsækjandi:** Heimili og skóli

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Sigurður Sigurðsson

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Markmið verkefnisins er að fræða nemendur um kosti og galla miðlanotkunar og hvað þau þurfa að hafa í huga þegar þau eru notendur á netinu.

**Almennt um verkefnið:** Verkefnastjórar Heimilis og skóla og SAFT hyggjast halda 40. mínútna langa fyrirlestra fyrir alla 6. bekki í Reykjavík. Um er að ræða fræðslu fyrir börn á aldrinum 12 - 13 ára en rannsóknir sýna að á þessum aldri er netnotkun orðin hluti af þeirra daglega lífi

**Sótt er um:** 1.000.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 500.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga. Hefur áður fengið styrk úr Forvarnasjóði en er mjög vandað og þarft verkefni.

### **Verkefni: Stykur og vellíðan** (nr. 28)

**Umsækjandi:** Breki Bjarnason

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Breki Bjarnason

**Samstarfsaðili:** Yama Heilsurækt

**Markmið:** Helsta markmið verkefnisins er að virkja þátttakendur til félagslegrar athafna og efla félagsleg tengsl í gegnum hreyfingu og hópavinnu. Við vonumst til þess að þátttakendur styrki bæði félagsfærni og sjálfmynd á meðan á námskeiðinu stendur. Einnig er undirmarkmið að gefa ungmönnunum tækifæri að finna sig í líkamsrækt og heilbrigðum lífstíl ef þau hafa ekki getað það hingað til vegna hindranna (t.d. vegna fjárhags eða félagskvíða).

**Almennt um verkefnið:** Uppbyggilegt og skemmtilegt námskeið fyrir ungmenni (16-19 ára) með áherslu á hreyfingu, bætta líðan og sterkari félagsleg tengsl. Hitt Húsið stendur fyrir námskeiðinu og fær með sér í lið þjálfara úr Yama Heilsurækt.

**Sótt er um:** 558.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 400.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og eflir lýðheilsu.

### **Verkefni: Ungt fólk og ofbeldisfull öfgahyggja** (nr. 29)

**Umsækjandi:** Sema Erla Serdaroglu

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Sema Erla Serdaroglu

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Markmiðið með verkefninu er að skapa nýja þekkingu fyrir íslenskt samfélag svo hægt verði að takast á við ofbeldisfulla öfgahyggju hjá ungu fólki með frekari rannsóknum á umfangi,

birtingarmyndum og þróun á Íslandi til að hægt verði að móta og þróa verklag og verkfæri fyrir forvarnarstarf og inngrip fyrir fólk sem starfar með ungu fólki í skipulögðu tómskundastarfi. Það er mikilvægt að auka þekkingu á ofbeldisfullri öfgahyggju á meðal ungs fólks og í nærumhverfi þess vegna þeirra alvarlegu afleiðinga sem ofbeldisfull öfgahyggja getur haft á einstaklinga, hópa fólks og samfélagið í heild sinni og telur höfundur að útgáfa sem þessi sé mikilvægt skref í því. Með henni verður m.a. til verkfæri fyrir fólk sem starfar með ungu fólki til þess að taka samtalið og stuðla að virkri þátttöku ungs fólks í uppbyggilegu starfi og koma í veg fyrir að það tileinki sér fordóma, öfgar og hatur. Gert er ráð fyrir því að bókinni verði dreift í félagsmiðstöðvar í Reykjavík þeim að kostnaðarlausu (og jafnvel skóla). Bókin byggir á rannsóknum höfundar sem hefur sérhæft sig í ofbeldisfullri öfgahyggju og forvörnum gegn henni á meðal ungs fólks og m.a. skrifað meistaraverkefni um efnið sem bókin mun byggja á.

**Almennt um verkefnið:** Fræðslubók um ofbeldisfulla öfgahyggju (e. violent extremism) og ungt fólk þar sem farið er yfir stöðu þekkingar og mikilvægi forvarna með áherslu á þátttöku í skipulögðu tómskundastarfi. Verkið hefur mikilvægt fræðslu- og forvarnargildi þar sem ekki hefur áður verið fjallað á jafn ítarlegan hátt um viðfangsefnið á Íslandi.

**Sótt er um:** 3.000.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 250.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bætir lýðheilsu.

### **Verkefni: *Okkar heimur*** (nr. 30)

**Umsækjandi:** Sigríður Gísladóttir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Sigríður Gísladóttir

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Markmið verkefnisins: -Fjölskyldusmiðjur fyrir börn og foreldra þar sem er stutt við þau með því að búa til umhverfi þar sem þau geta fengið útskýringar á geðrænum vanda, byggt upp seiglu, skemmt sér og spjallað við önnur börn sem búa við svipaðar aðstæður og um leið upplifa að þau séu ekki ein í heiminum í þessari stöðu. Fyrsta fjölskyldusmiðjan var haldin 21. september og munum við halda slíkar smiðjur mánaðarlega. -Vefsíða með fræðsluefni fyrir börn foreldra með geðrænan vanda. Síðan er í vinnslu og opnar á næstunni: [www.okkarheimur.is](http://www.okkarheimur.is) - Vitundarvakning um mikilvægi þess að þessi hópur fái viðeigandi stuðning og fræðslu. Erlendar rannsóknir sýna að 70% barna sem alast upp með foreldri með geðrænan vanda munu sjálf þróa með sér geðræn vandamál seinna á lífsleiðinni fái þau enga stuðning. Þess vegna er mikilvægt að veita þessum hóp þann stuðning sem hann þarf til að reyna að koma í veg fyrir kynslóðaflutninga.

**Almennt um verkefnið:** Verkefnið er á vegum Geðhjálp og unnið í samstarfi við Our Time sem eru samtök í Bretlandi sem hafa verið starfandi í 21 ár fyrir börn foreldra með geðrænan vanda. Við erum að nýta okkur þeirra hugmyndafræði og innleiða fjölskyldusmiðjur fyrir þennan hóp.

**Sótt er um:** 1.500.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 500.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bætir lýðheilsu.

### **Verkefni: *Hlustum - Landsátak um betra samfélag fyrir börn*** (nr. 31)

**Umsækjandi:** Heimili og skóli-landss foreldr

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Heimili og skóli - landssamtök foreldra

**Samstarfsaðili:** Samfok



**Markmið:** Að Markmiðið er vitundavakning til foreldra um mikilvægi samræðunnar við börn sín og það forvarnargildi sem það hefur.

**Almennt um verkefnið:** Sótt er um fyrir myndböndum sem ætlunin er að vera hluti af Hlustum - Landsátaki um betra samfélag fyrir börn. Verkefnið er að koma á vitundarvakningu um vernd barna gegn ofbeldi og forvarnir innan fjölskyldna, með því að gera auglýsingar til að hvetja foreldra og aðra fullorðna til að hlusta

**Sótt er um:** 500.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 250.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bætir lýðheilsu.

### **Verkefni: Fjölskylduráðgjöf Foreldrahúss** (nr. 32)

**Umsækjandi:** Foreldrahús ses.

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Berglind Gunnarsdóttir Strandberg

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Markmið fjölskylduráðgjafarinnar er snemmtæk íhlutun, að efla og styrkja foreldra/forsjáraðila til að takast á við uppeldishlutverkið. Hvort sem um er að ræða samskiptaörðugleika, hegðunarvanda eða áhættuhegðun. Erfiðleikar í hjónabandinu, sem bitanar á börnunum eða ósamkomulag fráskildra foreldrar/forsjáraðilar sem hefur neikvæð áhrif á börnin. Að hjálpa börnum og unglingum að komast yfir tilfinningaerfiðleika í listmeðferð.

Markmiðið er alltaf: Snemmtæk íhlutun í forvarnarskyni, fyrir börn og unglunga

**Almennt um verkefnið:** Uppeldis-og sálfræðiráðgjöf: Boðið er uppá uppeldis-og sálfræðiráðgjöf fyrir foreldra/forsjáraðila sem eiga börn með greiningar, s.s adhd og einhverfu og annað tilfinningalegt eins og kvíða og depurð, aðra vanlíðan, samskiptavanda, hegðunarvanda og áhættuhegðun. Samskipti foreldra og uppeldisaðferðir eru oft deiluefni foreldra sem bitnar stundum á barninu og bætir ekki líðan þess, né annara á heimilinu. Áhersla er lögð á að skilja vanda barnsins og leiðbeina foreldrum við uppeldið. Ýmis mál koma við í uppeldis-og sálfræðiráðgjöfinni sem og fjölskylduráðgjöfinni, má þar nefna umgengnismál, skilnaðarráðgjöf og pararáðgjöf. Í áfengis og vímuefnaráðgjöfinni eru foreldrarnir mikilvægasti hlekkurinn í því að koma unglingnum út úr fiktinu eða neyslunni. Vímuefnaráðgjöfin miðast við að styðja og valdefla foreldra til að takast á við foreldrahlutverkið á erfiðum tíma. Í listmeðferð er unnið með tilfinningaúrvinnslu hjá börnum og unglingum, vegna vanda sem þau hafa verið að kljást við. Fagleg nálgun verkefnisins er út frá: Solution focused Therapy/Counselling HAM Narrative Solihull

**Sótt er um:** 15.000.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, Velferðasvið er með samning við Foreldrahús.

### **Verkefni: Hringrásarbanki Fjölskylduhjálpar Íslands** (nr. 33)

**Umsækjandi:** Fjölskylduhjálpar Íslands

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Ásgerður Jóna Flosadóttir

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Minnka matarsóun til muna og koma í veg fyrir að börn þurfi að alast upp við skort, enda ítrekað verið sýnt fram á að slík lífsreynsla hafi afdrifarík áhrif á þroska og sjálfsmat þeirra til framtíðar.

**Almennt um verkefnið:** Taka við nothæfum vörum frá fyrirtækjum sem annars yrði fargað. Vera með opið alla virka daga fyrir skjólstæðinga sem geta nálgast þessar vörur eins oft og þörf er á.

**Sótt er um:** 10.00.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, fellur ekki að reglum Forvarnasjóðs.

**Verkefni: *Það sem ég hef lært - og það sem ég hefði viljað vita!*** (nr. 34)

**Umsækjandi:** Anna Lóa Ólafsdóttir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Anna Lóa Ólafsdóttir

**Samstarfsaðili:** Stefán Ólafur Stefánsson

**Markmið:** Beina sjónum að því hvernig einstaklingar með ADHD geta bætt lífsgæði sín, aukið sjálfstraust og horft bjartari augum til framtíðar með aukinni sjálfspekkingu og lausnamiðaðri hugsun.

**Almennt um verkefnið:** Námskeið sem vekur ungt fólk og foreldra/forráðamenn til umhugsunar um ADHD með áherslu á jákvæðari sýn einstaklings og umhverfis á röskuninni. Þegar rætt er um einkenni ADHD er oft einblínt á neikvæða þætti í stað þess að leggja áherslu á að þar liggja yfirleitt bæði styrkleikar og veikleikar einstaklingsins.

**Sótt er um:** 2.00.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, fellur ekki að Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, styrkur til að gefa út hljóðbók en bókin sjálf er komin út.

**Verkefni: *Gleðiskruddan - jákvæð sálfræði og gleðiverkfærin mín*** (nr. 35)

**Umsækjandi:** Gleðiskruddan ehf.

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Marit Davíðsdóttir

**Samstarfsaðili:** Yrja Kristinsdóttir

**Markmið:** Það er mikilvægt fyrir börn og ungmenni að hafa tækifæri til að efla sjálfspekkingu sína sem hjálpar þeim um leið að takast á við verkefni og áskoranir daglegs lífs. Aðferðir innan jákvæðrar sálfræði geta stuðlað að persónulegum vexti og bjóða upp á möguleika fyrir einstaklinga að blómstra. Svokölluð jákvæð inngrip hafa reynst áhrifarík í því að viðhalda hamingju og öðrum jákvæðum tilfinningum ásamt því að minnka einkenni þunglyndis og kvíða.

**Almennt um verkefnið:** Gleðiskruddan býður upp á fyrirlestur fyrir börn í 8.-10. bekk um jákvæða sálfræði og jákvæð inngrip í daglegu lífi. Fyrirlesturinn byggist á jákvæðri sálfræði, þar sem markmiðið er að auka sjálfspekkingu og vellíðan barna og ungmenna.

**Sótt er um:** 650.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, sent á íbúaráðin þar sem verkefnið beindist einungis að nokkrum hverfum borgarinnar.

**Verkefni: *Sterkari út í lífið*** (nr. 36)

**Umsækjandi:** Fríða Rún Þórðardóttir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Fríða Rún Þórðardóttir

**Samstarfsaðili:** Astma og ofnæmisfélag Íslands

**Markmið:** Börn og ungmenni með fæðuofnæmi þurfa oft á tíðum að takast á við krefjandi aðstæður í lífinu. Þau eru í flestum tilvikum sterkir einstaklingar með mikla þrautseigju enda búið að standa frammi fyrir ýmsum áskorunum í gegnum lífið. Samt sem áður ef ekki er rétt með farið þá geta þau þróað með sér kvíða, hræðslu og jafnvel einangrun sem getur verið skaðleg andlegri

heilsu þeirra og velferð. Farið er yfir hvernig kvíði birtist og hvernig hægt væri að bregðast við honum og vinna gegn honum. Börnin eru hvöt til að tala sama og deila reynslu sinni.

**Almennt um verkefnið:** Námskeið fyrir börn með fæðuofnæmi til að styrkja þau út í lífið

**Sótt er um:** 250.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 120.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bætir lýðheilsu.

### **Verkefni: Átraskanir: Fræðsla og forvarnir. Að vera SÁTT-ur í eigin skinni** (nr. 37)

**Umsækjandi:** Elísa Guðrún Brynjólfsdóttir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Samtök um átröskun og tengdar raskanir

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Setja saman fræðsluefni sem hægt er að nota í fræðslu á heimasíðu samtakanna SÁTT-ar (atroskun.is) og setja í bæklinga til að vekja athygli á átröskunum. Þá er markmiðið að koma þekkingunni inn í heilsugæslur, íþróttafélög og skóla. Því meira sem vitað er um áhrif og afleiðingar sjúkdómsins og af hverju fólk veikist bindum við vonir við að geta komið í veg fyrir að fleiri veikist alvarlega.

**Almennt um verkefnið:** Snýst um að búa til fræðsluefni um átraskanir fyrir ólíka markhópa svo hægt sé svo að sinna almennilegu forvarnarstarfi t.d. í skólum og heilsugæslum. Tíðni átraskana er mikil en vanþekking á sjúkdómnum sömuleiðis. Átraskanir hafa hæstu dánartíðni allra geðsjúkdóma og mikilvægt að upplýsa og reyna að fækka tilfellum með forvörnum

**Sótt er um:** 3.200.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 500.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bætir lýðheilsu.

### **Verkefni: HAM fyrir 60 til 70 ára** (nr. 38)

**Umsækjandi:** Anna Sigríður Jökulsdóttir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Anna Sigríður Jökulsdóttir

**Samstarfsaðili:** Kvíðameðferðarstöðin ehf

**Markmið:** Forvarnir til að draga úr líkum á síðari notkun róandi lyfja og svefnlyfja. Að bæta heilsu aldraða með inngrípi áður en á efstu ár er komið.

**Almennt um verkefnið:** Kenna aldurshópnum undirstöðuatriði hugrænnar atferlismeðferðar við kvíða og þunglyndi.

**Sótt er um:** 1.400.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, fellur ekki að Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, beinist hvorki að börnum né foreldrum.

### **Verkefni: USSNUSS - áttak gegn nikótínþúðum** (nr. 39)

**Umsækjandi:** FUNI - félag um forvarnir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Guðni Björnsson

**Samstarfsaðili:** Helga Margrét Guðmundsdóttir

**Markmið:** Upplýsa um hættuna sem fylgir nikótínneyslu á börn og unglunga.

**Almennt um verkefnið:** Aldursmiðað fræðsluefni gert sýnilegt og aðgengilegt fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla Reykjavíkur. ussnuss.is með skilaboðum um verkefnið og skaðsemi snuspúðanna sbr skjalið ussnuss.jpg (áhrif púða á andlitsdrætti og svip)

**Sótt er um:** 250.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 250.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bætir lýðheilsu.

### **Verkefni: *Sjálfselsk - Lýðheilsufélag læknanema*** (nr. 40)

**Umsækjandi:** Lýðheilsufélag læknanema

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Anna Karen Richardson

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Verkefnið hefur það markmið að efla geðheilsu læknanema og sporna gegn kulnun í námi og framtíðarstarfi með bættri geðheilsu. Það er einkum tvennt sem stendur í vegi fyrir því að nemar sinni andlegu heilsunni í náminu, annars vegar er það fjármagn og hins vegar tími. Við viljum aðstoða með fjárhagslegu hliðina með því að skipuleggja viðburði sem annars væru kannski ekki á færi nemendanna, svo sem golf-, fimleika-, jui-jitsu-, spinning-, dans-, jóga- og núvitundartímar. En stakir tímar hlaupa á mörgum þúsundum króna. Sjálfselsk vill einnig tryggja það að læknanemar á Íslandi hafi aðgang að uppbyggilegum viðburðum sem ekki snúast um drykkju áfengis og efla með því lýðheilsu læknanema.

**Almennt um verkefnið:** Sjálfselsk er verkefni á vegum Lýðheilsufélags læknanema. Félagið er gróðalaust félag sem heldur viðburði mánaðarlega í því ljósi. Áherslan í ár er að efla hreyfingu læknanema en það hefur marg sýnt sig að eflir geðheilsu. Sem dæmi væri hægt að halda jóga-, og núvitundarkvöld. Félagið reiðir sig alfarið á styrki.

**Sótt er um:** 185.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, fellur ekki að Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, beinist hvorki að börnum né foreldrum.

### **Verkefni: *FUNI - stafrænar vímuvarnir*** (nr. 41)

**Umsækjandi:** FUNI - félag um forvarnir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Guðni Björnsson

**Samstarfsaðili:** Nýsköpunarmiðstöð Íslands

**Markmið:** Færa þekkingu um skaðsemi fíkniefna nær ungum Reykvíkum, með því að efla frumkvæði og þátttöku þeirra í eigin vímuvörnum.

**Almennt um verkefnið:** Hópur ungmenna í grunn- og framhaldsskólum Reykjavíkur vinnur í samstarfi við sérfræðinga og fagfólk að uppsetningu fræðslu og hjálparlínu um skaðsemi ávana- og fíkniefna með það í huga að gefa beint samband í gegnum APP eða snjallmiðla. Aðgengilegur gagnabanki í snjallsíma fyrir unglunga um skaðsemi ávana- og fíkniefna.

**Sótt er um:** 1.000.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, ekki nógu markvisst, óljóst hvort hlutastyrkur nýtist.

### **Verkefni: *Fræðslu- og forvarnarverkefni um kynvitund og kyntjáningu barna***

(nr. 42)

**Umsækjandi:** Trans Vinir, hagsmunasamtök foreldra og aðstandenda trans barna og ungmenna

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Ragnhildur Guðmundsdóttir

**Samstarfsaðili:** Trans Vinir

**Markmið:** Með upplýstara samfélagi tjáir stækkandi hópur barna sig um ódæmigerða kynvitund og kyntjáningu. Þessi börn eru í áhættu fyrir geðheilsuvanda vegna útilokunar og þekkingarleysis. Barnabækur um kynvitund og kyntjáningu auðvelda börnum að tjá sig um sína kynvitund og kyntjáningu, og öllum öðrum að styðja börnin. Fræðsluefni fyrir foreldra, aðstandendur, kennara og aðra sem vinna með börnum hefur sama forvarnargildi. Þekkingarleysi og útilokun ættu að minnka og þannig einnig geðheilsuvandi barnanna. Verkefnislýsing Verkbáttur I: Þýðing þriggja barnabóka um kynvitund og kyntjáningu, prentun og dreifing til allra leikskóla, grunnskóla og almenningsbókasafna landsins ásamt kynningu á bókunum og gerð kennsluleiðbeininga.

Verkbáttur II:

Gerð fræðsluefnis um kynvitund og kyntjáningu barna fyrir vefsíðu Trans Vina sem nýtist foreldrum, aðstandendum, kennurum, starfsfólki frístundaheimila, íþróttabjálfurum og öðrum sem vinna með börnum.

**Almennt um verkefnið:** Fræðslu- og forvarnarverkefni um kynvitund og kyntjáningu barna sem lýtur að þýðingu á barnabókum ásamt gerð kennsluleiðbeininga og fræðsluefnis fyrir foreldra, aðstandendur, kennara, starfsfólk frístundaheimila, íþróttabjálfa og aðra sem vinna með börnum.

**Sótt er um:** 5.589.200 kr.

**Tillaga að upphæð:** 500.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglunga og bætir lýðheilsu.

**Verkefni: Listasmiðjan í Höfuðstöðinni** (nr. 43)

**Umsækjandi:** Artafl ehf.

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Magnea Guðrún Gunnarsdóttir

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:** Sótt er um styrk fyrir Listasmiðju fyrir börn og fullorðna sem verður staðsett í Höfuðstöðinni sem er nýtt lista- og menningarhús í Elliðaárdalnum. Höfuðstöðin opnar haustið 2021 og er hún staðsett í gömlu kartöflugeymslunum í Ártúnsbrekkunni í Reykjavík. Í Höfuðstöðinni verður einnig starfrækt kaffihús og viðburðarrými. Barnamenning hefur verið að ryðja sér til rúms hér á landi undanfarin ár. Griðarleg vöntun hefur verið á stöðum þar sem barnafjölskyldur geta komið saman og leikið sér og skapað. Við erum ansi stutt á leið komin er varðar slíka staði ef litið er t.d. til Norðurlandanna. Við viljum taka þátt í að efla aðgengi að menningarfræðslu barna og skapa fjölbreyttara rými fyrir fjölskyldur í samfélaginu. Við viljum búa til samastað þar sem gleði, forvitni og sköpun ræðir ríkjum. Rými þar sem hægt er að staldra við og gleyma sér í líðandi stundu. Koma saman í ró og næði og fá hlé frá ys, þys og hraða sem einkennir nútímasamfélagið okkar. Mikilvægi sköpunar fyrir vellíðan og hamingju einstaklingsins er stóra markmiðið með verkefninu því það er margsannað hversu nauðsynlegt það er að til sé áfangastaður sem býður uppá uppbyggilega samveru barna við foreldra sína. Listasmiðjan er fyrst og fremst hugsuð fyrir börn en er þó opin öllum sem hafa áhuga á að finna sköpunarkraftinn og barnið í sér og njóta samvista við aðra, skapa saman í notalegu umhverfi. Í boði verður ýmis efniviður svo sem leir, viður, efnisbútar, ull, korktappar og úrval af papp og pappír ásamt litum, málningu, skærum, lími og fleira sem ýtir undir sköpunarkraftinn. Lögð verður áhersla á að næra náttúrulegann áhuga og opinn huga barnsins og hvað það langar til að skapa þar sem ekki er búið að ákveða fyrirfram útfærsla né efnisval þar af leiðandi svigrúm til að virða listrænt flæði hvers og eins. Engar fyrirfram ákveðnar reglur eða samsetningar, hlustað á

hvað það er sem barnið dregst að og aðstoðað við að uppfylla þarfir til þess að fylgja eftir áhuga þeirra. Í hverjum mánuði verður líka boðið uppá að vinna með ákveðið þema þar sem starfsmenn safna saman efni og hugmyndum og leiðbeina sé þess óskað. Listasmiðjan sækir fyrirmyndir sínar m.a. til safna erlendis sem hafa markað sér stefnu og vinnu sérstaklega með börnum innan safnanna má þar nefna Arken, Louisiana, SMK og Museum Jorn í Danmörku. Starfsemi Listasmiðjunnar verður alfarið í höndum tveggja starfsmanna sem skipuleggja hana, þær Magnea Guðrún Gunnarsdóttir og Hildur Loftsdóttir en báðar hafa áralanga reynslu af að vinna með börnum. Þegar grunnurinn að listasmiðjunni er kominn af stað er ætlunin að auka við opnunardaga. Til þess verður áfram leitað eftir styrkjum og fjármagni til að auka opnunartímann. Listasmiðjuna verður einnig hægt að bóka og leigja fyrir afmæli og vinahópa. Haldnir verða viðburðir og námskeið með ýmsum gestakennurum. Tekið verður á móti leik-og grunnskólabörnum á skólatíma og boðið upp á listsköpun og fjölbreytta listfræðslu, ýmist tengdum þemum mánaðarins, ákveðnum listamönnum, listastefnum, fyrirbærum í náttúrunni eða líðandi stund og hverju því sem vekur áhuga og gerir prógrammið spennandi.

**Almennt um verkefnið:** Listasmiðjan í Höfuðstöðinni er vettvangur fyrir börn og fullorðna til að koma saman og vinna með ýmsan efnivið og skapa án fyrirfram gerðar hugmyndar né takmarkana og gefa sköpunarkraftinum svigrúm til athafna. Listasmiðjan er staðsett í Höfuðstöðinni sem er nýtt menningarhús í fallega umhverfi Elliðaárdalsins í Reykjavík.

**Sótt er um:** 1.000.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Umsögn:** Synjað, fellur ekki að Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, mjög almennt verkefni, fyrst og fremst menningartengt.

### **Verkefni: *Mæðra samfélagið*** (nr. 44)

**Umsækjandi:** Iðunn Svala Árnadóttir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Iðunn Svala Árnadóttir

**Samstarfsaðili:** Lilja Dís Ragnarsdóttir

**Markmið:** Rjúfa félagslega einangrun sem að mæður í nútímasamfélagi lifa við, sérstaklega á tímum heimsfaraldurs. Markmiðið er að útbúa öruggan stað þar sem mæður geta fundið stuðning og skilning og myndað lítið samfélag til að rjúfa félagslega einangrun og ýta undir andlega vellíðan. Stefnan er svo að hópurinn haldi áfram að hittast og stofni jafn vel fleiri lítil Mæðra samfélög í framhaldi af verkefninu. Með því er haldið áfram að draga úr félagslegri einangrun og ýtt undir vellíðan mæðra, sem getur í framhaldi haft jákvæð áhrif á börn þeirra, fjölskyldur og samfélagið.

**Almennt um verkefnið:** Stuðningshópur fyrir mæður með börn undir 2 ára með kvíða og/eða þunglyndi. Tímarnir yrðu hálf strúktúraðir og undir leiðsögn klínísk sálfræðings og hegðunarráðgjafa. Það yrði hlustað á þarfir hópsins veitt fræðsla, tæki og tól varðandi kvíða og þunglyndi og hegðunar- og uppeldisráðgjöf ef kallað er eftir því.

**Sótt er um:** 810.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 380.000 kr.

**Umsögn:** Samþykkt þar sem umsókn uppfyllir skilyrði 2. greinar um forvarnir í þágu barna og unglinga og bætir lýðheilsu.

Forvarnarsjóður Reykjavíkur umsóknir 2021 - þvert á hverfi				
Fjöldi	Einstaklingur - Fyrirtæki - Stofnun	Heiti verkefnis	Sótt um kr:	Tillögur að úthlutun
1.	Bjargráður, félagasamtök	Bjargráður - félag læknanema um endurlífgun og skyndihjálp	400.000	0
2.	Island Panorama, félag	Awake in Iceland	800.000	0
3.	Andri Snær Ágústsson	Sjálfsbetrun	1.500.000	0
4.	Anna Lára Steindal	Ímyndaðu þér bara! Sáttmáli Jarðar, tíu hugmyndir sem standa í vegi fyrir sjálfbærni og listin að lifa af innlifun og ástríðu	500.000	0
5.	Ína Steinþórsdóttir	Hugrún - Geðfræðslufélag	712.500	350000
6.	Landssamband slökkviðs- og sjúkraflutningamanna	Eldvarnaátak 2021	300.000	0
7.	Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu	Frú Raghneiður	500.000	0
8.	Rafn Haraldur Rafnsson	Rjúfum einangrun með D&D	100.000	0
9.	Ofbeldisvarnaskólinn ehf.	Yfir strikið - vefsíða um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi	700.000	200000
10.	Hlynur Kristinn Rúnarsson	Forvarnir - Það er von	5.400.000	0
11.	Landssamtökin Þroskahjálp	Fræðsla um taugafjölbreytileika	1.200.000	0
12.	Helga Jensdóttir	Besta útgáfan af mér	1.500.000	0
13.	Alexía Björg Jóhannesdóttir	Umsókn um styrk úr Forvarnasjóði Reykjavíkur	1.000.000	0
14.	Jafnréttisskóli Reykjavíkur	Leiðbeiningar um viðbrögð við óæskilegri kynferðislegri hegðun	1.000.000	650000
15.	Brautin, bindindisfélag ökumanna	Veltibíllinn heimsækir framhaldsskóla Reykjavíkur	840.000	0
16.	Saman hópurinn - félag um forvarnir	Allir saman á menningarnótt	600.000	500000
17.	Tónlistarfélag Árbæjar	Hljómsveitarþjálfun 14-18 ára	850.000	250000
18.	Miriam Petra Ómarsdóttir Awad	Litla handbókin um rasisma og menningarfordóma	1.600.000	500000
19.	Ástráður, kynfræðslufélag læknanema	Ástráður Kynfræðslufélag Læknanema	350.000	350000
20.	Ofbeldisforvarnaskólinn ehf.	Ofsi - spil	320.000	130000

21.	Einhverfusamtökin	Fræðsla um þarfir í þjónustu við einhverfa og fjölskyldur þeirra	700.000	200000
22.	Björgvin Páll Gústavsson	Umsókn um styrk úr Forvarnasjóði Reykjavíkur	3.000.000	0
23.	Þyrí Ásta Hafsteinsdóttir	Háttatími	1.000.000	350000
24.	Hjólakraftur slf.	Kaldir Krakkar	6.000.000	500000
25.	Sigurður Unnar Birgisson	Öndun og hugleiðsla fyrir fólk með fötlun	1.000.000	0
26.	Hjólakraftur slf.	Samherjar	5.000.000	0
27.	Heimili og skóli	SAFT fræðsla fyrir 6. bekki í Reykjavík	1.000.000	500000
28.	Breki Bjarnason	Styrkur og vellíðan	558.000	400000
29.	Sema Erla Serdaroglu	Ungt fólk og ofbeldisfull öfgahyggja	3.000.000	250000
30.	Sigríður Gísladóttir	Okkar heimur	1.500.000	500000
31.	Heimili og skóli landssamtök foreldra	Hlustum -landsátak um betra samfélag fyrir börn	500.000	250000
32.	Foreldrahús ses.	Fjölskylduráðgjöf Foreldrahúss	15.000.000	0
33.	Fjölskylduhjálpar Íslands	Hringrásarbanki Fjölskylduhjálpar Íslands	10.000.000	0
34.	Anna Lóa Ólafsdóttir	Það sem ég hef lært - og það sem ég hefði viljað vita!	2.000.000	0
35.	Gleðiskruddan ehf.	Gleðiskruddan - jákvæð sálfræði og gleðiverkfærin mín	650.000	0
36.	Fríða Rún Þórðardóttir	Sterkari út í lífið	240.000	120000
37.	Elísa Guðrún Brynjólfsdóttir	Átraskanir: Fræðsla og forvarnir - að vera sáttur í eigin skinni	3.200.000	500000
38.	Anna Sigríður Jökulsdóttir	HAM fyrir 60-70 ára	1.400.000	0
39.	FUNI - félag um forvarnir	USSNUSS - átak gegn nikótínþúðum	250.000	250000
40.	Lýðheilsufélag læknanema	Sjálfselsk - Lýðheilsufélag Læknanema	185.000	0
41.	FUNI - félag um forvarnir	FUNI - stafrænar vímuvarnir	1.000.000	0
42.	Trans vinir	Fræðslu- og forvarnaverkefni um kynvitund og kyntjáningu barna	5.589.200	500000
43.	Artafl ehf.	Listasmiðjan í Höfuðstöðinni	1.000.000	0
44.	Iðunn Svala Árnadóttir	Mæðrasamfélagið	810.000	380000
<b>Samtals 43</b>		<b>Samtals:</b>	<b>84.754.700</b>	<b>7.630.000</b>

Til úthlutunar 7.630.710